


Fundargerð

Skólaþjónustu- og velferðarnefnd Árnesþings

7. fundur Skólaþjónustu- og velferðarnefndar var haldinn á bæjarskrifstofunni í Hveragerði þriðjudaginn 18. nóvember 2014 kl 16.00. Mættir voru: Ásmundur Lárusson, Bjarney Vignisdóttir, Bryndís Böðvarsdóttir, Eyrún Hafþórsdóttir, Björn Pálmarsson, Sigurbára Rúnarsdóttir og María Kristjánsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árnesþings.

1. **Trúnaðarmál.** Þrjú mál skráð í trúnaðarmálabók.
2. **Kynning á skólaþjónustu Árnesþings.**
3. **Kynning á samræmdu mati á þjónustupörf aldraðra.** Sveitarfélögum stendur til boða þeim að kostnaðarlausu að taka til notkunar matskerfi sem nýtast mun veitendum öldrunarþjónustu til að leggja samræmt, hlutlægt mat á þjónustupörf aldraðra. Matstækið var þróað í samvinnu við fimm sveitarfélög og er markmiðið að forgangsraða á samræmdan, áreiðanlegan og réttmætan hátt þjónustunni í samræmi við þörf aldraðra. Matskerfið, sem kallað er upphafsmat og byggir á þekktu mælitæki, RAI Home Care, en er mun styttri og einfaldari útgáfa. Niðurstöður forprófunar þessara fimm sveitarfélaga sem tóku þátt sýna að upphafsmatið gefi glögga og raunhæfa mynd af heilsufari fólks og þörf þess fyrir þjónustu. Tveir starfsmenn velferðarþjónustu hafa farið á námskeið um notkun matstækisins. Nýjar umsóknir um félagslega heimaþjónustu og endurmat umsókna mun nú verið metnar út frá þessu matskerfi í samstarfi við heimahjúkrun.
4. **Kynning á málþingi um stöðu innflytjenda hjá sveitarfélögum haldið þann 14. nóvember s.l. í Reykjanesbæ.** Á málþingingu var fjallað um hvernig sveitarfélög eru að mæta þjónustu við íbúa af erlendum uppruna. Skoðað var hvernig byggja megi upp fjölmennningarlega þekkingu meðal starfsmanna. Einnig var rætt um hvernig hægt sé að stuðla að aukinni þátttöku íbúa af erlendum uppruna og skapa jákvæð viðhorf í þeirra garð. **Bókun:** Nefndin telur mikilvægt að sveitarfélögin setji sér sameiginleg markmið í málefnum innflytjenda. Lagt er til að skipuð verði nefnd sem vinni að þessum sameiginlegu markmiðum sem verði skipuð, sveitarstjórnarfólki, starfsmönnum skóla- og velferðarþjónustu, menningarfulltrúum og starfsmönnum í leik- og grunnskóla.
5. **Lögð fram til kynningar tillaga til þingsályktunar um aðgerðaráætlun um geðheilbrigðisþjónustu fyrir börn, unglinga og fjölskyldur þeirra.**

Fundi slitið kl 17.30


Bryndís Böðvarsdóttir (sign)


Bjarney Vignisdóttir (sign)


Ásmundur Lárusson (sign)

Eyrún Hafþórsdóttir (sign)



Björn Pálmarsson (sign)

Björn Pálmarsson

María Kristjánsdóttir (sign)

María Kristjánsdóttir

Sigurbára Rúnarsdóttir

Sigurbára Rúnarsdóttir (sign)